

Fimmtudaginn 11. desember 1997.

Nr. 487/1997.

**Hauður Helga Stefánsdóttir**

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

**Búnaðarbanka Íslands**

(Klemenz Eggertsson hdl.)

Kærumál. Fjárnám. Eignarréttur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 27. nóvember 1997, þar sem fjárnám, sem sýslumaðurinn í Kópavogi gerði 30. september 1997 hjá Byggðalandi ehf. að kröfu sóknaraðila, var fellt úr gildi að hluta samkvæmt kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hafnað verði kröfu varnaraðila um ógildingu fjárnámsins. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

### I.

Fjárnámið, sem deila málsaðila stendur um, var gert 30. september 1997 til fullnustu kröfu sóknaraðila á hendur Byggðalandi ehf. samkvæmt vixli, að fjárhæð 1.400.000 krónur. Ekki var mætt við gerðina af hálfu gerðarþolans. Fjárnám var gert samkvæmt kröfu sóknaraðila í tveimur nánar tilgreindum bifreiðum, sem bent var á af hennar hálfu, en auk þess teknar fjárnámi „3 sumarbústaðagrindur og gólfgrind, allt staðsett að Ljósutröð í Hafnarfirði“, eins og segir í endurriti úr gerðabók sýslumanns. Byggðaland ehf. átti á þessum tíma skráð heimili á nefndum stað í Hafnarfirði.

Í bréfi til lögmanns sóknaraðila 13. nóvember 1997 greindi varnaraðili frá því, að hann væri eigandi einnar af sumarbústaðagrindunum svonefndu, sem sóknaraðili hafði fengið fjárnám í, en í

bréfinu kemur fram, að sóknaraðili hafði þá tekið grindina í sínar vörslur. Kvaðst varnaraðili vera eigandi grindarinnar samkvæmt samningi, en Byggðaland ehf. hafi aldrei átt hana. Samningurinn, sem hér er vitnað til, mun vera bréf Jóns S. Ólafssonar 30. apríl 1997 til útibússtjóra varnaraðila í Garðabæ, en það hljóðar svo: „Ég undirritaður... fer hér með fram á vegna persónulegra ábyrgða, sem ég er í vegna Hlíðar ehf., ... að leysa þessi tvö skuldamál við bankann með svofelldum hætti: Um er að ræða víxilmál vegna víxils, upphaflega að fjárhæð 800.000 kr. auk vaxta og kostnaðar, og skuld vegna tékkareiknings Hlíðar ehf. hjá útibúinu, að upphæð 398.187 kr. auk vaxta og kostnaðar. Ég get leyst málið þannig: Með því að afhenda eigi síðar en 1. 8. nk. sumarbústað, að verðmæti ca. 2.200.000 kr., skv. meðfylgjandi verklýsingu. Ofangreindar skuldir myndu greiðast af umsömdu andvirði bústaðarins og mismunur greiddur eftir nánara samkomulagi. Ég sé ekki aðrar leiðir til að leysa mál þetta.“ Viðtakandi bréfsins áritaði það 2. maí sama árs um samþykki sitt.

Varnaraðili reisir kröfu sína um ógildingu fjárnáms sóknaraðila á því, að hann hafi með framangreindum hætti öðlast eignarrétt að einni af sumarbústaðagrindunum, sem fjárnámið var gert í.

## II.

Eins og málið liggur fyrir, verður að leggja til grundvallar, að sumarbústaðagrindurnar þrjár, sem sóknaraðili fékk fjárnám í 30. september 1997, hafi þá verið á athafnasvæði Byggðalands ehf., sem var gerðarþoli við aðfarargerðina. Verður því að telja líkindi standa til þess, að grindurnar hafi þá tilheyrt gerðarþola, en fyrir öðru verður varnaraðili að bera sönnunarbyrði.

Samkvæmt gögnum málsins báru sumarbústaðagrindurnar, sem fjárnámið var gert í, engin auðkenni, sem gætu tekið af tvímæli um, hvort þær væru hluti af smíði samkvæmt tilteknum samningi. Þegar fjárnámið var gert, voru liðnir nærri tveir mánuðir frá þeim tíma, sem varnaraðili átti að fá afhent sumarhús samkvæmt fyrrnefndu samkomulagi hans við Jón S. Ólafsson. Að þessu gættu getur vætti Jóns fyrir dómi, sem greint er frá í hinum kærða úrskurði, ekki nægt til sönnunar staðhæfingum varnaraðila. Varnaraðili hefur ekki fært fram önnur gögn, sem geti nægt til þess, að fallist verði á, að hann

hafi sýnt fram á eignarrétt sinn að sumarbústaðargrind, sem fjárnám sóknaraðila var gert í. Þegar af þessari ástæðu verður hafnað kröfu varnaraðila um ógildingu fjárnámsins.

Varnaraðili verður dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Búnaðarbanka Íslands, um ógildingu fjárnáms, sem sýslumaðurinn í Kópavogi gerði 30. september 1997 hjá Byggðalandi ehf. samkvæmt kröfu sóknaraðila, Hauðar Helgu Stefánsdóttur.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

#### Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 27. nóvember 1997.

##### I.

Mál þetta, sem varðar ágreining um gildi aðfarargerðar og er rekið samkvæmt 15. kafla aðfararlaga nr. 90/1989, var þingfest 20. þ. m. og tekið til úrskurðar 24. sama mánaðar að loknum munnlegum málf lutningi.

Að undangengnum úrskurði undir rekstri málsins var sóknaraðila heimil að að leiða sem vitni í málinu þá Jón S. Ólafsson húsasmíðameistara og Róbert Gunnarsson, stjórnarformann Byggðalands ehf.

Sóknaraðili, Búnaðarbanki Íslands, kt. 490169-1219, Austurstræti 15, Reykjavík, f. h. útibús nr. 318, kt. 681276-0339, Garðatorgi 5, Garðabæ, krefst þess, að fjárnámssgerð sýslumannsins í Kópavogi nr. 37/1997/01098, sem fram fór hjá Byggðalandi ehf., Ljósutröð í Hafnarfirði, verði ógilt með úrskurði. Var fjárnám gert í sumarbústaðargrind, sem sóknaraðili heldur fram, að sé sín eign, fyrir kröfu, að fjárhæð 1.567.141 kr. Fjárnámssgerð sú, sem um er deilt, náði einnig til fleiri muna, sem voru í eigu annarra en sóknaraðila, og er því ljóst, eins og aðild málsins er háttáð, að einungis verður fjallað um, hvort ógilda beri fjárnámssgerð þessa, að því er varðar þessa einu tilteknu sumarbústaðargrind, sem sóknaraðili nefnir í kröfugerð sinni, enda miðaði sóknaraðili málf lutning sinn við, að svo væri farið með málið.

Varnaraðili, Hauður Helga Stefánsdóttir, kt. 100658-6079, Klapparstíg 9, Reykjavík, krefst þess aðallega, að kröfu sóknaraðila verði hafnað og honum gert að greiða varnaraðila málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti að mati dómsins. Til vara krefst hún þess, að hin umdeilda fjárnámssgerð

verði einungis felld úr gildi, að því er tekur til fjárnáms í einni þeirra sumar-  
bústaðagrinda, sem hún varðar, og að málskostnaður verði í því tilvikum lát-  
inn falla niður.

## II.

Hin umrædda fjárnámgerð fór fram 30. september sl. að beiðni varnar-  
aðila á grundvelli víxils, út gefins 23. apríl 1997, með gjalddaga 15. júlí 1997,  
að fjárhæð 1.400.000 krónur, að viðbættum dráttarvöxtum og kostnaði. Vix-  
ill þessi var samþykktur af Bygðalandi ehf., og var krafist fjárnáms í eign-  
um þess. Var aðfararbeiðni send sýslumanni í Hafnarfirði 10. september sl.  
Samkvæmt Hlutfélagaskrá og Þjóðskrá er skráð aðsetur Bygðalands ehf.  
að Ljósutröð í Hafnarfirði. Ákvað sýslumaður að byrja gerðina á starfsstöð  
gerðarþola að Ljósutröð í Hafnarfirði, en þar hittist enginn fyrir, sem tekið  
gat svari gerðarþola. Framsendi sýslumaður gerðarbeiðnina sýslumanns-  
embættinu í Kópavogi, hvar framkvæmdastjóri gerðarþola samkvæmt  
Hlutfélagaskrá, Róbert Gunnarsson, á lögheimili. Var framkvæmda-  
stjórinn lögregluboðaður til fyrirtöku beiðninnar, sem fyrirhuguð var 30.  
september 1997.

Við fyrirtöku beiðninnar á tilsettum tíma kom enginn forsvarsmáður á  
vegum gerðarþola, og nýtti talsmaður gerðarbeiðanda rétt sinn til þess að  
tiltaka eignir til fjárnáms, sem honum er heimilt samkvæmt 5. mgr. 39. gr.  
laga nr. 90/1989, og benti m. a. á þrjár sumarbústaðagrindur, sem voru að  
Ljósutröð í Hafnarfirði og sýslumaður gerði fjárnám í.

Með bréfi til sóknaraðila, dagsettu 30. apríl, bauðst Jón Ólafsson, sá hinn  
sami og kom fyrir dóminn sem vitni í málinu, til þess að greiða ábyrgðar-  
skuldbindingar, sem á honum hvíldu gagnvart sóknaraðila, með því að af-  
henda sumarbústað á ákveðnu byggingarstigi samkvæmt verklýsingu, að  
verðmæti 2.200.000 krónur. Nam ábyrgðarskuldin við sóknaraðila 1.350.000  
krónum, en mismuninn skyldi sóknaraðili greiða með tveimur greiðslum,  
450.000 krónum hvorri um sig. Ekki er um það deilt, að sóknaraðili sam-  
þykkti tilboð það, sem fólst í bréfi þessu. Telur sóknaraðili, að með þessum  
samningi og með því að standa við greiðslur samkvæmt honum sé hann  
ótvírætt eigandi þess bústaðar, sem samningurinn hljóðar um.

## III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að ein af þeim þremur sumar-  
bústaðagrindum, sem sýslumaður gerði fjárnám í 30. september 1997, hafi ein-  
mitt verið hin sama og hann keypti af Jóni Ólafssyni, eins og áður er rakið.  
Lýsir hann henni sem þeirri smíði, sem lengst var komin þeirra þriggja, er  
fjárnúmdar voru. Var búið að klæða útveggjagrind með krossviði og texti,  
gluggar komnir í og þak með járn. Hafi sóknaraðila ekki verið tilkynnt um

fjárnámið af þeirri ástæðu, að hann var ekki gerðarþoli og skuldir Bygðalands ehf. honum algerlega óviðkomandi. Fjárnám þetta verði eins og önnur fjárnám að sæta fyrirvaranum um, að það sé gert að geymdum betri rétti þriðja manns.

Varnaraðili vefengir ekki tilvist þeirrar reglu, sem sóknaraðili reisir mál sitt á, að fjárnám sé alltaf gert að geymdum betri rétti þriðja manns, en telur á hinn bóginn, að sóknaraðili eigi ekki þann rétt yfir hinu fjárnumda, sem leitt geti til ógildingar fjárnámsins. Vísar hann til þeirrar meginreglu fullnusturéttarfars, að löglíkur séu fyrir því, að þeir lausafjármunir, sem ekki eru skráðir opinberri skráningu, teljist eign þess, sem hefur þá í vörslum sínum. Sumarbústaðagrindurnar, sem fjárnám varnaraðila nær til, voru í vörslum gerðarþola að Ljósutröð í Hafnarfirði, þar sem gerðarþoli starfrækti framleiðslu og sölu sumarbústaða. Sumarbústaðagrindur eins og þær, sem teknar voru fjárnámi, séu tegundarákveðnir lausafjármunir. Bréf Jóns S. Ólafssonar á dóm skjali nr. 3 til sóknaraðila um, að hinn fyrrnefndi afhendi sóknaraðila eigi síðar en 1. ágúst 1997 sumarbústað, að verðmæti 2.200.000 krónur samkvæmt tiltekinni verklýsingu, gefi ekki minnstu vísbendingu um eignarrétt sóknaraðila að einhverri þeirra sumarbústaðagrinda, sem fjárnám varnaraðila tekur til. Í þessu sambandi bendir varnaraðili á eftirfarandi atriði:

1) Engin þeirra sumarbústaðagrinda, sem fjárnám var gert í, svarar til lýsingarinnar á dóm skjali nr. 4 eða teikninga á dóm skjali nr. 5-6.

2) Jón S. Ólafsson átti samkvæmt dóm skjali nr. 4 að afhenda bústaðinn 1. ágúst 1997. Þær sumarbústaðagrindur, sem teknar voru fjárnámi, voru í vörslum gerðarþola tveimur mánuðum síðar.

3) Engin þeirra sumarbústaðagrinda, sem fjárnám var gert í, var á nokkurn hátt sérgreind eða auðkennd sem eign sóknaraðila eða annarra. Gögn þau, sem sóknaraðili hefur lagt fram á dóm skjölum 3-6, bendi ekki til annars en kröfuréttar sóknaraðila á hendur viðsejanda sínum um afhendingu á sumarbústað. Sönnun fyrir því kröfuréttarsambandi geti á engan hátt hróflað við þeirri fullnustugerð, sem deilt er um, enda hafi varnaraðili verið fullkomlega grandlaus um hugsanlegan rétt sóknaraðila eða annarra yfir einhverjum af hinum fjárnumdu munum.

Um varakröfu varnaraðila er að mati dómsins enginn ágreiningur.

Segir varnaraðili í greinargerð sinni, að telji dómurinn, að unnt sé að leysa úr kröfu þeirri, sem sóknaraðili hefur uppi, verði hann að tilgreina betur en sóknaraðili hefur gert, hverja af hinum þremur sumarbústaðagrindum beri að leysa undan fjárnáminu.

Málkostnaðarkröfu sína styður varnaraðili við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989.

#### IV.

Fjárnámsgerð sú, sem aðilar deila um í máli þessu, fór fram 30. september 1997. Var gerðin framkvæmd á skrifstofu sýslumanns í Kópavogi að gerðarþola fjarstöddum og fjárnám gert í lausafé eftir ábendingu talsmanns gerðarbeiðanda. Starfsstöð gerðarþola var við Ljósutröð í Hafnarfirði, en lögheimili stjórnarformanns í Kópavogi, og er óumdeilt, að hann hafi ekki sinnt lögregluboðun sýslumanns þar til fyrirtöku á aðfararbeiðninni.

Eins og áður segir, stendur deilan í máli þessu einungis um það, hvort leysa skuli undan fjárnáminu eina af þeim þremur sumarbústaðagrindum, sem voru á athafnasvæði gerðarþola við Ljósutröð í Hafnarfirði og fjárnám var gert í eftir ábendingu varnaraðila án frekari tilgreiningar. M. a. vegna þess, að nánari tilgreiningu skorti, auk þess sem dómara þótti rétt að leita eftir sönnun fyrir því, hvernig eignarrétti yfir hinum fjárumdu grindum væri háttað, ákvað hann að heimila sóknaraðila að leiða sem vitni þá, er helst gætu upplýst um þetta. Var þessi vitnaleiðsla heimiluð með úrskurði dómara gegn mótmælum varnaraðila.

Að mati dómsins eru hinar umdeildu sumarbústaðagrindur ekki tegundarákveðnir lausafjármunir, eins og varnaraðili heldur fram, enda kom í ljós í framburði vitna, að grindur þessar voru mislangt komnar og hafa þá væntanlega hver um sig sín sérkenni.

Ekki er um það deilt, að fjárnámið hafi verið gert að geymdum betri rétti þriðja manns.

Sú regla gildir ótvírætt við aðför, að telja verður, að líkindi séu fyrir því, að lausafé, sem ekki nýtur neinnar opinberrar skráningar, sé eign þess, sem hefur það í vörslum sínum, og verði sá, sem heldur hinu gagnstæða fram, að sanna rétt sinn, telji hann sig eiga betri rétt. Hvort varnaraðili var grandlaus um hugsanlegan rétt annarra yfir lausafénu, hefur ekki áhrif á niðurstöðu að þessu leyti.

Til þess að sanna betri rétt sinn til einnar af þessum þremur sumarbústaðagrindum og víkja til hliðar líkindareglunni hefur sóknaraðili lagt fram samþykkt tilboð um að hafa átt kaup við Jón Ólafsson um eina af grindunum þremur. Er henni í samkomulagi þessu lýst sem þeirri smíði, sem lengst var komin af þeim. Var nánar tiltekið búið að klæða útveggjagrind með krossviði og texi, gluggar komnir í og þak með járn. Auk þessa er komið fram, að sóknaraðili hefur staðið við samninginn af sinni hálfu, hvað greiðslur varðar. Nefndur Jón Ólafsson sagði í vætti sínu fyrir dóminum, að

hann hefði með leyfi fyrirvarsmanna Byggðalands ehf., þeim Jóni og Róbert, fengið aðstöðu á athafnasvæði Byggðalands ehf. við Ljósutröð í Hafnarfirði til þess að gera þessa sumarbústaðargrind, sem lýst er í samningnum, og hafi því verki ekki verið að fullu lokið, er hún var tekin fjárnámi. Kvaðst vitnið hafa greitt allt efni og annan kostnað fram að þeim tíma, að sóknaraðili tók við sumarbústaðnum samkvæmt samningnum frá 30. apríl 1997, en greiðslur til þess að ljúka við hann í umsömdu ástandi fengust frá sóknaraðila samkvæmt samningnum. Hugðist vitnið smíða fleiri sumarbústaði þarna á svæðinu til þess að selja og átti, þegar fjárnámið var gert, gólfgrind í sumarbústað, sem var þarna á athafnasvæðinu við Ljósutröð.

Í vitnisburði Róberts Gunnarssonar, stjórnarformanns Byggðalands ehf., kemur fram, að Byggðaland hafi ekki átt neina af þessum þremur umræddu sumarbústaðargrindum. Smíði sumarhúsa hafi ekki verið viðfangsefni Byggðalands. Fyrirtækið var að sögn vitnisins eingöngu viðgerðaverktaki. Eina af sumarbústaðargrindunum þremur að Ljósutröð telur vitnið hafa verið eign Búnaðarbankans og hinar tvær eign Landsbankans. Kannast vitnið við, að samið hafi verið um, að Byggðaland tæki að sér að reisa sumarhús fyrir varnaraðila, en sú smíði hafi ekki verið hafin, aðeins verið fenginn aðili til þess að annast smíðina.

Í ljósi þess, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að sóknaraðila hafi tekist að sanna betri rétt sinn til einnar tiltekinnar af þeim þremur sumarbústaðargrindum, sem gert var fjárnám í af sýslumanninum í Kópavogi 30. september 1997. Nánari tilgreining á sumarbústaðargrindinni er á þann veg, að um sé að ræða þá smíði, sem lengst sé komin, þ. e. búið að klæða útveggjagrind með texti og krossviði, gluggar komnir í og þak með járn.

Er niðurstaða þessi í góðu samræmi við samning þann, sem sóknaraðili hefur lagt fram og dagsettur er 30. apríl 1997. Hefur gildi þessa samnings ekki verið mótmælt af varnaraðila, heldur einungis þýðingu hans í máli þessu. Þá rennir framburður vitna og lýsing þeirra sterkum stöðum undir tilgreiningu á því, við hverja af hinum þremur sumarbústaðargrindum er átt, auk þess sem þeir staðfesta eignarrétt sóknaraðila.

Ber samkvæmt þessu að fella fjárnámið úr gildi, að því er varðar þessa tilteknu sumarbústaðargrind, og leysa hana þar með undan því.

Sóknaraðili hafði ekki uppi málskostnaðarkröfu fyrir en í málflytningu sinni. Varnaraðili mótmælti því, að krafan kæmi til álita á þeim grundvelli, að hún væri of seint fram komin. Er mótmæli varnaraðila voru fram komin, taldi sóknaraðili ekki tilefni til þess að leita eftir úrlausn dómara í formi úrskurðar. Lítur dómari svo á, að málskostnaðarkrafa sóknaraðila

hafi verið sett fram með fyrirvara um, að samþykki varnaraðila fyrir því, að hún kæmist að í málinu, fengist; að öðrum kosti félli hann frá kröfunni. Kemur málskostnaðarkrafa sóknaraðila því ekki til álita í málinu.

Samkvæmt þessu og í samræmi við niðurstöðu í málinu verður hvorugum aðila úrskurðaður málskostnaður.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fallist er á kröfu sóknaraðila, Búnaðarbanka Íslands, um, að fjárnámssgerð sýslumannsins í Kópavogi, sem fram fór hjá Byggðalandi ehf. að kröfu varnaraðila, Hauðar Helgu Stefánsdóttur, 30. september 1997, falli úr gildi, að því er varðar eina af þeim þremur sumarbústaðagrindum, sem fjárnám var gert í og nánar er lýst í forsendum úrskurðarins.

---